

A 1852/holdbart**Afgreiðsla** Norræna sjálfbærninefndin

Nefndarálit norrænu sjálfbærninefndarinnar um

Þingmannatillögu um samnorræna stefnu um niðurrif á vindmyllum og endurvinnslu á úrgangi frá vindmylluiðnaði**Tillaga**

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún móti sameiginlega stefnu um meðferð úrgangs frá útrunnum vindmyllum í löndunum með sérstakri áherslu á skrófurnar og endurvinnslu úrgangs frá vindmylluiðnaði.

Bakgrunnur

Á undanförunum tíu árum hafa fjölmargir vindmyllugarðar verið reistir á Norðurlöndum. Í Danmörku verður búið að rífa um 3.400 af alls 4.200 vindmyllum árið 2030 (sjá svar við fyrirspurn E12/2019). Stærð og umfang hverflanna kalla á algjörlega nýjar aðferðir til þess að niðurrifið geti orðið með sjálfbærum hætti. Áskorunin er sú sama hvort sem vindmyllurnar eru á sjó eða í landi. Í Danmörku eru svo til allir hlutir úr vindmyllunum endurnýttir að vindmylluspöðunum frátöldum. Helstu úrgangsefnin eru málmar, steinsteypa úr grunninum og trefjagler úr spöðunum. Að svo stöddu er lítið hægt að endurvinnna trefjablönduna sem vindmyllurnar eru byggðar úr. Stundum eru spaðarnir endurnýttir í nýjum myllum, annars eru þeim brennt á brennslustöðvum. Að niðurrifi loknu eru margar vindmyllur fluttar úr landi og reistar á ný annars staðar.

Í Finnlandi er ekki langt síðan vindmyllur voru teknar í notkun (2010) og því er meðhöndlun úrgangs eftir niðurrif á vindmyllum ekki aðkallandi úrlausnarefni en verður það síðar. Norska ríkisstjórnin sér áskorun í nýjum og vaxandi úrgangstraumum og telur að vanda verði meðhöndlun úrgangs eins vel og kostur er. Því gæti verið ástæða til að ráðast í norrænt verkefni um úrgangsmál í þeim tilgangi að kanna leiðir til meðhöndlunar á úrgangi, þar á meðal endurnýtingu og endurvinnslu. Sænska ríkisstjórnin telur einnig að áskorun felist í endurnýtingu og endurvinnslu á tilteknum tegundum af úrgangi og vísar í forkönnun frá árinu 2016 en þá þótti endurnýting úrgangs frá vindmyllum ekki vera mikil áskorun í Svíþjóð að svo stöddu.



Við afgreiðsluna þingmannatillögunnar var nefndin sammála um að skilgreina tillöguna betur með því að leggja áherslu á vindmylluspaðana.

Sjónarmið nefndarinnar

Víðtækur stuðningur er við þingmannatillöguna í norrænu sjálfbærninefndinni. Fulltrúi jafnaðarmanna óskaði eftir því að lögð yrði áhersla á vindmylluspaða í tillögunni því um væri að ræða vindmylluhluta sem erfiðast væri að endurvinnna. Þá þyrfti að rannsaka og kortleggja hvernig trefjablanda (efnið í vindmylluspöðunum) er meðhöndluð á Norðurlöndum og víðar. Fulltrúar miðjumanna tóku undir þetta. Fulltrúar hægrimanna og Norræns frelsis bentu á norræna nytsemi tillögunnar og vildi Norrænt frelsi að áhrif niðurrifs á vindmyllum á líffræðilega fjölbreytni yrðu könnuð. Nefndin var einhuga um að breyta tillöguliðnum á þá leið að leggja áherslu á endurnýtingu vindmylluspaða.

Norðurlöndum, 26. janúar 2021

Anders Kronborg (S)

Anna-Kaisa Ikonen (saml)

Cecilie Tenfjord-Toftby (M)

Doris J. Jensen (S)

Emilia Töyrä (S)

Ingalill Olsen (A)

Janine Alm Ericson (MP)

Ketil Kjenseth (V)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Magnus Ek (C)

Ole André Myhrvold (Sp)

Simon Holmström (HI)

Sofia Geisler (IA),

Staffan Eklöf (SD)

Vilhelm Junnila (saf)

Vilhjálmur Árnason (Sj.)